

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og auka söngmennt í Þingeyrarlæknishéraði, t. d. með því að fá hæfa söngkennara við og við, til leiðbeiningar söngfélaga í héraðinu eða á annan hátt, eftir því sem stjórn sjóðsins telur tilganginum bezt náð á hverjum tíma.

4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Þangað til ávaxtast hann og eflist af öllum vöxtum hans, gjöfum og fjárfestasamkomum.

5. gr.

Eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 (sjá 4. gr.) má verja $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans samkvæmt 3. gr. Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Þingeyrarhrepps eða á öðrum tryggum stað.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa héraðslæknirinn í Þingeyrarhéraði, og er hann formaður, þjónandi prestar innan læknishéraðsins og organisti í Þingeyrarkirkju.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu vera oddviti Þingeyrarhrepps og endurskoðandi hreppsreikninga sama hrepps.

8. gr.

Eftir að stofnendur hafa tjáð sig samþykka skipulagsskrá þessari, skal leita staðfestingar á henni af forseta Íslands, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í umboði sjóðstofnenda.

Þingeyri, 10. febrúar 1949.

Þorst. Björnsson.

Ang. Arngrímsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Matthildar Þorkelsdóttur fyrrum ljósmóður á Hellissandi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. marz 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Matthildar Þorkelsdóttur fyrrum ljósmóður á Hellissandi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Matthildar Þorkelsdóttur ljósmóður“, og er stofnaður af Kvenfélagi Hellissands á 100 ára afmæli Matthildar, 8. marz 1948.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja byggingu sjúkrahúss eða annars hjúkrunarheimilis á Hellissandi.

3. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum og sölu minningarspjalda.

40

8. marz

4. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum, fyrr en hann er orðinn allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Sjóðinn má aldrei tæma alveg, heldur efla áfram, og jafnan verja í anda þeirrar fórnufúsu konu, sem hann er stofnaður til minningar um, það er til hjúkrunarstarfa.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 tilnefndir af Kvenfélagi Hellissands, en 2 af hreppsnefnd Neshrepps.

Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Neshrepps utan Ennis.

8. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hellissands og nágrennis.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

41

10. marz

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð.

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.70
—	10 g til 20 g	—	1.10
—	50 g	—	1.30
—	100 g til 200 g	—	1.45
—	½ kg	—	1.80
—	1 kg til 2 kg	—	2.55
—	5 kg	—	3.10
—	10 kg	—	4.30
—	20 kg	—	5.40

2. Metaskálar.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	18.00
—	5 kg eða minna	—	21.60
—	10 kg eða minna	—	25.00
—	20 kg eða minna	—	29.00
—	30 kg eða minna	—	30.00
—	yfir 30 kg	—	36.00

3. Borðvogir jafnarma.

Vogarþol	3 kg eða minna	—	21.00
—	5 kg eða minna	—	25.00
—	10 kg eða minna	—	29.00